

hönd Fæðiskaupendafélagsins og væru bærir til þess að binda það í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefndu um vísun máls þessa frá dómi til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Kjötíðjan h/f, greiði stefndu, Árna Sigurðjónssyni og Jóni Einarssyni, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. apríl 1961.

Nr. 73/1961. **Jónína Jónsdóttir Parrington**
 gegn
Hallgrími Steingrímssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. marz 1961, sem hingað barst 7. þ. m., kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Hafnarfjarðar, er upp var kveðinn 17. marz 1961 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var synjað kröfu sóknaraðilja um frávísun aðalsakar frá héraðsdómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og aðalsök í héraðdómsmálinu verði vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði hefur varnaraðili í fyrsta lagi gert þá kröfu, að

viðurkennd verði skylda sóknaraðilja (stefndu í héraði) „til að greiða meðlag með kjörsyni sínum, Snorra Hallgrímssyni, f. 17. okt. 1951, frá 1. jan. 1957 til fullnaðs 16 ára aldurs hans, enda verði upphæð meðlagsins ákveðin með yfirvaldsúrskurði“.

Aðiljar máls þessa leituðu á sínum tíma lögskilnaðar í Stjórnarráðinu, sbr. 72. gr. laga nr. 39/1921. Í skilnaðarbréfi, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 24. febrúar 1958, var sóknaraðilja fengið forræði framangreinds kjörbarns hjónanna, Snorra, og varnaraðilja gert að greiða meðlag með honum. Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins 10. nóvember 1960 synjaði það málaleitan varnaraðilja um, að honum yrði fengið forræði barnsins.

Eins og málið liggur fyrir, verður ekki lagður dómur á framangreinda kröfu, sem sóknaraðili bar fram í héraði um viðurkenningu á skyldu sóknaraðilja til að greiða meðlag með nefndum kjörsyni málsaðilja. Verður því að vísa kröfu þessari frá héraðsdómi.

Í öðru lagi hefur varnaraðili krafizt þess í héraðsstefnu, „að löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Hafnarfjarðar 17. maí s.l., verði staðfest“.

Í héraði var löghald lagt á eignir sóknaraðilja til tryggingar kröfu, að fjárhæð kr. 65.079.00. Samkvæmt reikningi frá varnaraðilja, sem lagður var fram við löghaldsgerðina, var þar um að ræða kröfu, að sumu leyti gjaldfallna, en að öðru leyti ógjaldfallna, sem varnaraðili taldi sig eiga á hendur sóknaraðilja vegna framfærslu kjörsonar þeirra. Í héraðsstefnu er eigi getið neinnar fjárhæðar, sem löghaldið eigi að tryggja, og er því eigi fullnægt ákvæðum 2. málsgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 og 88. gr. laga nr. 85/1936. Ber því einnig að vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa í héraði er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í aðalsök í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 17. marz 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 14. þ. m., hefur Hallgrímur Steingrímsson, Reykjavíkurvegi 3, Hafnarfirði, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. maí 1960, gegn Jónínu Jónsdóttur Parrington, Californíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, til viðurkenningar á framfærsluskyldu stefndu með kjörbarni þeirra, Snorra Hallgrímssyni, og til staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Hafnarfjarðar 17. maí 1960 til tryggingar meðlagskröfunum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu.

Með gagnstefnu Jónínu Jónsdóttur Parrington, útgefinni 3. september 1960, gerði hún þær réttarkröfur, að stefnandi í aðalsök, Hallgrímur Steingrímsson, yrði dæmdur til greiðslu meðlaga með fyrrnefndu kjörbarni, að fjárhæð kr. 20.141.00, og húsaleigu, að fjárhæð kr. 10.200.00, með 9% ársvöxtum frá 3. september 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í aðalsök krefst stefnda frávísunar, en til vara sýknu, og hvernig sem málið fer, niðurfellingar löghaldsgerðar og málskostnaðar að skaðlausu. Stefnandi í aðalsök krefst sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Munnlegur málflutningur fór fram um framkomna frávísunarkröfu 14. marz s.l.

Málavextir eru þessir:

Aðiljar máls þessa fengu með forsetabréfi 8. desember 1951 leyfi til þess að ættleiða drenginn Snorra Hallgrímsson, f. 17/10 1951. Þau hjónin slitu samvistir í maímánuði 1956, og 7. desember s. á. fengu þau leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng.

Lögskilnaðarleyfi fengu hjónin 24. febrúar 1958. Fékk konan forræði drengsins, en maðurinn skyldi greiða meðlag með honum til fullnaðs 16 ára aldurs hans. Er hjónin slitu samvistir, var drengurinn fyrst hjá móður sinni eða á vegum hennar, en um haustið virðist hann hafa verið hjá föður sínum og ömmu öðru hverju, og síðan í nóvember 1956 hefur hann dvalizt hjá þeim óslitið.

Í aprílmánuði 1959 giftist stefnda á ný Bandaríkjamanni, Raymond T. Parrington, og fluttist með honum búferlum til Banda-

ríkja Norður-Ameríku. Með úrskurði fógetaréttar Hafnarfjarðar 23. nóvember 1959 var málaleitan stefndu um, að hún fengi umráð kjörsonar síns, synjað.

Með bréfi til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 1959, fór stefnandi í aðalsök þess á leit við Dómsmálaráðuneytið, að skilnaðarleyfisbréfi hans og stefndu yrði breytt á þá lund, að hann fengi forræði drengsins Snorra og að konunnj yrði gert að greiða meðlag með drengnum frá 1. janúar 1957 til 16 ára aldurs hans. Málaleitun þessari synjaði ráðuneytið með bréfi, dags. 10. nóvember 1960, eftir að hafa leitað umsagnar konunnar. Jafnframt lét ráðuneytið í ljós það álit, að manningnum bæri ekki að greiða til konunnar meðlag með drengnum fyrir það tímabil, sem hann annaðist framfærslu hans.

Stefnandi í aðalsök höfðaði síðan mál þetta til viðurkenningar á framfærsluskyldu stefndu og staðfestingar á löghaldsgerð, sem hann hafði gert til tryggingar meðlagskröfum o. fl.

Stefnda reisir kröfu sína um frávísun málsins á því, að aðalstefnanda bresti umboð til að setja fram kröfu þá, sem hann gerir í aðalsök, því að hann sé ekki réttur umboðsmaður drengsins, þar sem hann sé hvorki forráðamaður hans né fjárhaldsmaður. Forræði drengsins hafi stefnda samkvæmt lögskilnaðarleyfi aðilja, útgefnu 24. febrúar 1958. Af hálfu stefnanda er þess krafizt, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið á þeim forsendum, að framfærandi barns sé réttur aðili að meðlagskröfu með því.

Með synjun fógetaréttarins 23. nóvember 1959 á því að afhenda stefndu drenginn, hefur stefnandi fengið raunverulegt forræði hans í sínar hendur, að óbreyttu ástandi. Með hliðsjón af ákvæðum framfærslulaga nr. 80 frá 1947 um skyldur foreldra til þess í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín, ákvæðum 211. gr. einkamálalaga nr. 85 frá 1936 um sóknaraðild í barnsfaðernismálum og eðli málsins samkvæmt verður að telja, að sá, sem hefur raunverulegt forræði barns og annast framfærslu þess og uppeldi, sé einnig réttur aðili að meðlagskröfum með barninu, meðan það er á hans vegum.

Af þessu leiðir, að krafa stefndu um frávísun málsins verður ekki tekin til greina. Ákvörðun um málskostnað verður tekin í sambandi við efnisdóm í málinu.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.